

Fimmti fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 5. maí 2016 kl. 21:30

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Einnig mæta Konráð Konráðsson í fyrsta og annan lið og Kristín Björk í lið 2. Herdís Þórðardóttir kemur inn undir 6 lið.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Ársreikningar Eyja- og Miklaholtshrepps vegna 2015. **Konráð Konráðsson fór yfir ársreikninginn og útskýrði hann sérstaklega þær breytingar sem verða vegna B hlutans. Samþykkt til seinni umræðu.**
2. Skipulag fyrir næsta skólaár í Laugargerðisskóla – Kristín Björk mætir á fundinn. **Kristín Björk kynnti enn frekara samstarf við Grunnskóla Borgarnes og skipulag fyrir næsta skólaár. Ljóst er að það minnkar um u.þ.b. 70 af stöðugildi kennara við skólann. Konráð og Kristín fara af fundi.**
3. Verkefnistillaga Alta að breytingu á aðalskipulagi hreppsins vegna reiðvegagerðar. **Samþykkt að taka upp aðalskipulagið vegna reiðvega og annara minniháttar breytinga. Ákveðið að ganga til samninga við Alta að sjá um verkið.**
4. Bréf frá Minjaverði Vesturlands dagsett 20. Apríl. **Samþykkt að vera við kröfu Minjavarðar.**
5. Tilboði í fornleifakönnun vegna ljósleiðaralagnar frá Fornleifastofnun Íslands. **Samþykkt að taka tilboði Fornleifastofnunar Íslands að upphæð 817.800,-. Oddviti leitar frávika frá fjárhagsáætlun vegna þessarar upphæðar. Upphæðin verður tekin af handbæru fé.**
6. 35 fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 14-4-2016. Liður 13 í fundargerðinni. Liður 14. **Liðurinn samþykktur, Gísli Guðmundsson vísar af fundi við afgreiðslu þessa liðar.** Liður 17 í fundargerðinni. **Eggert vísar af fundi, Herdís tekur sæti hans. Hreppsnefndin telur það hvorki á valdsviði Hreppsnefndar né byggingarfulltrúa að hlutast til um skráningu breyttrar landstærðar í Þjóðskrá fyrr en landeigendur aðliggjandi landareigna hafa samþykkt breytinguna fyrir sitt leyti. Málinu er vísað aftur til meðferðar skipulags- og byggingarnefndar. Eggert vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar. Herdís fer af fundi og Eggert kemur inn.**
Aðrir liðir. **Samþykktir samhljóða**
7. Gjaldskrá skipulags og byggingarmála. **Samþykkt samhljóða og oddvita falið að auglýsa hana í stjórnartíðindum.**
8. Íbúaskrá lögð fram frá 1. desember 2015. **Íbúar 145 og þar af erlendir ríkisborgarar 47.**
9. Viðauki við leigusamning frá 1993 við Fáskrúðarbakka vegna lands í kringum Breiðablik. **Lagður fram undirritaður samningur og samþykktur samhljóða og verður í kjölfarið sendur í þinglýsingu.**
10. Lóðaleigusamningur við N1. **Samþykktur samhljóða og verður þinglýst**
11. Þjónustusamningur við N1. **Samþykktur samhljóða og verður þinglýst.**
12. Samningur við Fjarskiptasjóð vegna ljósleiðaralagningar. **Sótt var um styrk vegna ljósleiðaraframkvæmda sveitarfélagsins til Fjarskiptasjóðs vegna verkefnisins**

Ljósleiðaravætt Ísland. Fékk sveitarfélagið styrk upp á kr. 12.090.000,- sem kemur sér vel vegna framkvæmda ársins.

13. Niðurstaða verðkönnunar vegna plægingar á ljósleiðara. **Í samræmi við niðurstöðu verðkönnunar var samþykkt samhljóða að semja við vinnuvélar Símonar. Er það í samræmi við fjárhagsáætlun.**
14. Verkefnastjóri vegna ljósleiðaraverkefnisins. **Samþykkt að ráða Sigurð Guðmundsson sem verkefnisstjóra vegna ljósleiðaraverkefnisins. Kostnaður verður tekinn af handbæru fé og verður allt að kr. 700.000,-**
15. Bréf dagsett 15. Apríl frá Menntamálastofnun þar sem tilkynnt er umað ytra mat á Laugargerðisskóla fari fram í haust. **Óskar sveitarstjórn eftir að 4. Liður í greiningunni verði á starfsanda og samstarfi starfsmanna skólans.**

Mál í vinnslu.

16. Verkefnið Betra ljós.

17. Breiðablik.

Lagt fram til kynningar:

18. Opinber útgáfa fundargerðar 157. fundar félmn Snæfellinga 05.04. 2016

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)